

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð hjónanna Ástu M. Bjarnadóttur, húsfreyju, og Jóns Hannessonar, óðalsbónda í Þórormstungu í Vatnsdal“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 13. september 1946. 13. sept.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð hjónanna Ástu M. Bjarnadóttur, húsfreyju, og Jóns Hannessonar, óðalsbónda í Þórormstungu í Vatnsdal.

1. gr.

Sjóðurinn heitir: „Minningar- og gjafasjóður Þórormstunguhjónanna“.

2. gr.

Stofnendur sjóðsins eru hjónin Ásta M. Bjarnadóttir, húsrú, og Jón Hannesson, óðalsbóndi í Þórormstungu.

Stofnfé hans er kr. 4000.00 — fjögur þúsund krónur —, er gefendurnir hafa afhent Búnaðarfélagi Áshrepps til minningar um fimmtíu ára búskap í Áshreppi.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins skal vera sá, að verðlauna sjálfseignabændur í Áshreppi fyrir byggingu á heyhlöðum úr varanlegu efni á jörðum sínum. Svo og fyrir vegagerð til heyflutnings af tünnum og engjum, svo að akfært verði að heyhlöðunum.

4. gr.

Sjóður þessi er óskiptileg eign Búnaðarfélags Áshrepps, og skal hann ávaxtaður í Söfnunarsjóði Íslands. Skulu allir vextir leggjast árlega við höfuðstólinn, þar til hann er orðinn tíu þúsund krónur.

5. gr.

Tekjur sjóðsins eru vextir af innstæðu, svo og gjafir og áheit þeirra, er vilja styrkja hann.

6. gr.

Stjórn Búnaðarfélags Áshrepps hefur umsjón með sjóðnum og reikningshald hans, svo og úthlutun verðlauna samkv. 3. gr. Hún skal halda sérstaka gerðabók fyrir sjóðinn, þar sem skráðir eru ársreikningar hans og skýrslur um verðlaunaveitingar og annað það, er sjóðinn varðar.

7. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Ársreikningur sjóðsins skal lagður fram til samþykktar á aðalfundi búnaðarfélagsins árlega, endurskoðaður af endurskoðendum búnaðarfélagsins.

8. gr.

Þegar höfuðstóll sjóðsins er orðinn tíu þúsund krónur má fara að verja  $\frac{3}{4}$  hlutum árlega vaxta samkvæmt ákvæðum 3. greinar.

Meðan að ársvextir þeir, er til úthlutunar koma, fara ekki yfir fjögur hundruð krónur, skal þeim ekki skipt meira en milli tveggja sama árið.

Komi það fyrir, að dómi félagsstjórnar, að enginn sé maklegur verðlaunanna eitthvert ár, falla allir ársvextir til sjóðsins.

122

13. sept.

9. gr.

Verði sú breyting gerð, að hreppabúnaðarfélög verði lögð niður og nýtt fyrirkomulag þeirra mála lögfest, skal umsjón og ábyrgð á sjóðnum falla undir það fyrirkomulag.

Þó skulu allir stjórnendur sjóðsins ávallt vera bændur innan Áshrepps.

10. gr.

Komi það í ljós að álitni stjórnarinnar, að verkefni sjóðsins sé tæmt samkvæmt 3 gr., er henni heimilt að bera fram breytingar á skipulagsskránni og skal það auglýst til allra félagsmanna með nægum fyrirvara. Þær einar breytingar má gera á skipulagsskránni, er samþykktar eru með  $\frac{3}{4}$  hlutum atkvæða á löglegum aðalfundi félagsins.

Þó skal verkefni sjóðsins ávallt vera að styðja umbætur á sjálfseignarjörðum í Áshreppi.

Aldrei mé skerða höfuðstól sjóðsins.

11. gr.

Leitað skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari, og síðan birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

Ásta M. Bjarnadóttir. Jón Hannesson.

123

14. sept.

## G J A L D S K R Á

fyrir flugvöllinn í Reykjavík og flughöfnina í Skerjafirði.

### 1. Lendingar- og hafnargjöld.

Fyrir lendingar á landi skal greiða kr. 6.00 á hvert tonn flugvélarinnar fullhlaðinnar allt að 20 tonnum, en kr. 3.00 á hvert tonn, sem þar er fram yfir. Brot úr tonni reiknast sem heilt tonn.

Fyrir lendingar á sjó greiðast  $\frac{2}{3}$  ofangreindra gjalda.

Minnsta gjald er kr. 10.00.

### 2. Flugskýlisleiga.

Fyrir heil flugskýli reiknast ársleiga kr. 36.00 á fermetra. Fyrir hluta úr skýli reiknast leigan kr. 5.00 á fermetra á mánuði, en kr. 50.00 á fermetra á ári, ef leigt er til eins árs í senn eða lengur.

Ef einstakar flugvélar eru teknar til geymslu í skýlum flugvallarins reiknast flugskýlisleiga sem hér segir:

Vængjahaf flugvélar	Leiga á sólarhring	Leiga á mánuði
Undir 12 m	kr. 10.00	kr. 100.00
12—15 —	— 25.00	— 200.00
15—18 —	— 40.00	— 300.00
18—21 —	— 55.00	— 400.00
21—24 —	— 70.00	— 500.00
24—27 —	— 80.00	— 600.00
27—30 —	— 90.00	— 700.00
yfir 30 —	— 100.00	— 1000.00